

Vegagerðin
Borgartúni 5-7
105 Reykjavík

Vestmannaeyjum 20. desember 2018
UST201811-172/P.V.B.
09.07.01

Efni: Umsókn um framkvæmdaleyfi - Sjóvörn við Hellnar

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Vegagerðarinnar, dagsett 11. október 2018 með viðbótargögnum dags. 6. desember, um leyfi til framkvæmda innan friðlandsins við ströndina við Stapa og Hellna.

Friðlandið á ströndinni við Stapa og Hellna er friðlýst sbr. auglýsing nr. 284/1988. Mannvirkjagerð og annað jarðrask er háð leyfi Umhverfisstofnunar

Lýsing verkefnis:

Um er að ræða gerð sjóvarnargarðs í fjörunni neðan við Gróuhól til að verja hann gegn ágangi sjávar og minnka líkur á hruni. Nákvæm staðsetning garðsins er sýnd á teikningu sem fylgdi umsókninni. Vegna framkvæmdarinnar er gert ráð fyrir að aka þurfi utan vega um 50 m leið með fjörunni og er aðkomuleiðinn merkt inn á kort í fylgigögnum umsóknarinnar. Efnismagn sem fer í garðinn er 1000 m³. Efnið verður sótt utan friðlandsins úr malarnámu við efri Höfða við Rif. Ráðgert er að verkið taki um tvær vikur og fari fram þegar veður leyfir og verði lokið fyrir 15. apríl. Að verkinu kemur einn gröfumaður auk starfsmanna sem keyra bíla með efni á staðinn. Ekki er ráðgert að rask á jarðvegi, dýralífi og gróðri fylgi framkvæmdinni. Lítlsháttar rask mun verða á fjörunni en gert er ráð fyrir að það jafni sig í fyrsta brimi eftir að framkvæmd lýkur.

Umsagnir:

Umhverfisstofnun óskaði eftir umsögnum frá Minjavernd Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands og Náttúrustofu Vesturlands. Minjastofnun óskar eftir að aðgát verði höfð við friðaðar minjar sem er að finna á svæðinu. Ásgrímsbrunnur er staðsettur er við rétt við aðkomuleiðina að framkvæmdarsvæðinu og er óheimilt að raska honum. Stofnunin verkur jafnframt athygli á því að ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmdina skal sá sem fyrir framkvæmdinni stendur stöðva hana án tafar svo Minjastofnun geti látið framkvæmda vettvangskönnun. Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemdir við framkvæmdina eins og henni er lýst í umsókninni. Náttúrustofa Vesturlands skilaði ekki inn formlegri umsögn en bendir á að ekki sé æskilegt að framkvæmdin fari fram á fyrrihluta varptíma en á svæðinu verpir fyll og stutt er í varpsvæði ritu.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur verkefnið líklegt til að hafa talsverð áhrif á lífríki fjörunnar á framkvæmdasvæðinu og upplifun gesta sem heimsækja svæðið. Framkvæmdin er þó ekki talin líkleg til að hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins til lengri tíma lítið þar sem ummerki um framkvæmdina munu mást út á komandi árum. Framkvæmdin mun hafa mikil áhrif á öryggi á svæðinu til lengri tíma lítið þar sem garðinum er ætlað að verja bílastæði sem gestir svæðisins nýta. Gæta þarf þó að öryggi gesta á meðan framkvæmd fer fram og hugsanlega loka aðgengi gesta að vinnusvæðinu. Gert er ráð fyrir að fáir gestir verði á svæðinu á meðan framkvæmd fer fram vegna tímasetningar þess.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi fyrir gerð sjóvarnargarðs við Gróuhól innan friðlandsins við Stapa og Hellna að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Vinsamlega hafðu þetta bréf meðferðis á meðan verkefninu stendur.
- Tilkynna skal til Umhverfisstofnunar hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu.
- Akstur vinnuvéla í tengslum við framkvæmdina er bundið við aðkomuleið sem afmörkuð er í verklýsingu umsækjanda.
- Gæta skal að því að akstur vinnuvéla valdi sem minnstu raski og valdi gróðurskemmdum.
- Ef skemmdir verða á svæðinu og aðkomuleiðum vegna aksturs vinnuvéla í tengslum við framkvæmdina skulu þær lagfærðar.
- Umhverfisstofnun bendir á að Ásgrímsbrunnur sé friðaður og óheimilt að raska honum. Koma skal fyrir merkingum við brunninn til að tryggja að hann verði ekki fyrir raski vegna framkvæmdarinnar.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allt rusl verði fjarlæggt.
- Koma skal fyrir merkingum og afmörkunum á framkvæmdarsvæðinu til að takmarka aðgang gesta að því til að tryggja öryggi þeirra.
- Kynna skal fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Öllu raski við verkefnið verði haldið í lágmarki.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Gæta skal þess að framkvæmdin sé í samræmi við skipulagsáætlanir.
- Efnisval og útlit framkvæmdarinnar skuli falla vel að landslaginu.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir er kr. 39.400.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Hildur Vésteinsdóttir

Hildur Vésteinsdóttir
Sviðsstjóri

Jón Björnsson

Jón Björnsson
Þjóðgarðsvörður